


Snemmtæk íhlutun

Málproski - undirbúningur fyrir lestur



Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	3
Töfluskrá.....	4
1. Inngangur	5
2. Læsi og samskipti.....	5
2.1 Læsisstefna Kópavogs.....	6
2.2 Læsisstefna Núps.....	6
3. Þróunarverkefni í Kópavogi um mál og læsi.....	8
3.1 Læsi er meira en stafastaut	8
3.2 Snemmtæk íhlutun – málþroski og undirbúningur fyrir lestur.....	9
4. Snemmtæk íhlutun og málþroski barna	10
4.1 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningur fyrir lestur	10
4.1.1. Málskilningur	11
4.1.2. Hljóðkerfi	12
4.2 Málþroski og málörvun ungra tví-eða fjöltyngdra barna	12
5. Móttaka barna í leikskólanum Núpi	15
5.1 Móttökusamtal.....	15
5.2 Bók barnsins	17
5.3 Flutningur milli deilda.....	18
6. Skimanir/prófanir/athuganir	18
6.1 <i>TRAS</i>	18
6.2 <i>EFI – 2</i>	19
6.3 <i>HLJÓM - 2</i>	20
7. Viðbrögð við frávikum	20
7.1 Málörvun tví- eða fjöltyngdra barna	21
7.2 <i>Orðaskil</i>	21

7.3	<i>Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn</i>	21
7.4	<i>AEPS</i>	22
7.4.1	Einstaklingsnámskrá	22
7.5	Flokkun á málörvunarefni.....	23
7.6	Heilsugæslan.....	24
8.	Málörvun í daglegu starfi leikskólans	24
8.1	Snillikennsla	24
8.2	Vináttuverkefni Barnaheilla.....	25
8.3	Orðaspjallsaðferðin	27
8.4	Lubbi finnur málbein	27
8.5	Bína bálreiða.....	29
8.6	Samveru- og sögustundir.....	30
8.7	Meistarahópar	32
8.8	Söngstundir.....	33
8.9	Samvinna leik- og grunnskóla – skil milli skólastiga	33
8.10	Samvinna við bókasafnið.....	33
	Heimildaskrá.....	34
	Viðauki.....	36
9.	Móttökusamtal fylgiskjöl.....	37
10.	Einstaklingsnámskrá.....	45
11.	Sýnishorn af vikuplani samverustunda.....	46
12.	Dæmi um Hvatningabréf til foreldra	47

Myndaskrá

Mynd 1 Upplýsingarbæklingar til foreldra	15
Mynd 2 Bók barnsins	17
Mynd 3 Rök- og stærðfræðigreind	Mynd 4 Líkams- og hreyfigreind / Umhverfisgreind 25
Mynd 5 Lubbi fer heim með barni.....	28
Mynd 6 Lubbi hljóð vikunnar.....	28
Mynd 7 Lubbi orð vikunnar	28
Mynd 8 Bína bálreiða	29
Mynd 9 Samverustund	31
Mynd 10 Vikuplan samverustunda á eldri gangi	31
Mynd 11 Dagskipulag	31
Mynd 12 Meistarar að störfum	32

Töfluskra

Tafla 1 Læsisstefna Núps; dæmi um útfærslu	7
Tafla 2 almenn atriði málþroska.....	14
Tafla 3 Flokkun á málörvunarefni.....	23
Tafla 4 Yfirlit yfir hugtök sem unnið er með.....	26
Tafla 5 vikuplan samverustunda yngri barna	30

1. Inngangur

Leikskólinn Núpur var opnaður 4. janúar 2000. Leikskólinn er í Kópavogi og dregur nafn sitt af nafni götunnar Núpalind sem hann stendur við. Í leikskólanum Núpi eru fimm deildir. Þær heita Höfði og Brekka sem eru fyrir fjögurra og fimm ára börn, Hvammur og Púfa sem eru fyrir tveggja og þriggja ára börn og Lundur sem er fyrir eins til tveggja ára börn. Í leikskólanum geta dvalist 98 börn og fjöldi starfsmanna er u.þ.b. 35.

Leiðarljós Núps er að efla **sjálfþæði, skapandi hugsun, samskiptahæfni og lýðræðishugsun**, þar sem einstaklingar læra að takast á við breytilegar aðstæður með opnum hug.

Unnið er út frá fjölgreindarkenningu Howard Gardner þar sem börnin nota allar greindir við að nálgast viðfangsefni sín og ferlið helgast af áhugasviði barnanna. Áhersla er lögð á að börnin verði sjálfstæð og ábyrg, hafi frumkvæði, séu forvitin og áhugasöm um lífið og tilveruna. Einstaklingar sem virða rétt annarra, hafa samkennd, sterka siðferðisvitund og eru jafnframt réttlátir og fordómalausir. Einkunnarorð skólans eru **sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði**.

2. Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk.

Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Það snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Læsi í leikskóla felur í sér að afla þekkingar og leikni til að skynja, skilja, túlka og gagnrýna og miðla. Með læsi er átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Í Núpi er unnið með þroska barna í skipulögðu starfi og frjálsum leik, inni jafnt sem úti. Þar læra börnin að þekkja og treysta hvert öðru. Lagður er grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Börnin læra að taka tillit til hvers annars og öðlast skilning á margbreytileika okkar sem einstaklinga, ásamt því að efla og styrkja sjálfsvitund sína. Dagskipulag Núps býður upp á fjölmörg tækifæri fyrir börnin til að þróa læsi og samskipti. Það gera þau í samverustundum, snillikennslu/hópastarfi, frjálsum leik, flæði, útiveru og í matmálistímum. Í þessum stundum vinna börnin með samskipti og tileinka sér læsi á sig sjálf, aðra og umhverfi sitt.

2.1 Læsisstefna Kópavogs

Vorið 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, menntamálaráðherra og fulltrúi forráðamanna í Kópavogi undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsettu sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Hópur innan bæjarins vann að nýrri læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla Kópavogs. Læsisstefnan (drög) var send heim til allra forráðamanna í Núpi í tölvupósti og var svo komin í endanlegri mynd árið 2016. Í stefnunni er framkvæmdaráætlun fyrir árin 2016-2018 en þar koma fram helstu þættir stefnunnar sem vinna þarf að svo hún nái fram að ganga. Hver skóli mótar sér sína stefnu eftir sínum sérkennum og vinnur eftir henni. Framtíðarsýnin er sú að allt skólasamfélagið taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri.

Læsisstefnu Kópavogs má finna hér í heild sinni

https://nupur.kopavogur.is/library/Files/Nupur_Laesi-er-meira-en-stafastaut_lokaskyrsla.docx.pdf

2.2 Læsisstefna Núps

Læsisstefna Núps er í vinnslu og var skipaður hópur af kennurum innan leikskólans sem vinnur að því að koma stefnunni í endanlegt form. Í læsisstefnunni er farið yfir hvernig er unnið með þá þætti sem snúa að málörvun barna og hvar í dagskipulaginu. Dæmi um útfærslu má sjá í töflunni hér að neðan. Læsisstefnan verður aðgengileg á heimasíðu Núps um leið og hún er fullunnin.

Tafla 1 Læsisstefna Núps; dæmi um útfærslu

Aðgerð	Hvar	Hvernig	Gögn
Lubbi finnur málbein	Samverustundir	Lesi sögur - læra lög	Lubba bókin Tónlistin og hljóðasmiðjur
Rím	Samverustundir, Snillikennsla og daglegar aðstæður	Benda á hvað rímar, spyrja spurninga. Bullrím er leyfilegt.	Hljóðasmiðja Lubba. Spil frá sérkennslu. Myndir - Alias spil og fleira
Samstöfur	Samverustundir, Snillikennsla og daglegar aðstæður	Klappa atkvæði í nöfnum barnanna og hlutum sem við sjáum í umhverfinu.	Spil frá sérkennslu. Myndir - Alias spil og fleira
Hljóðgreining	Samverustundir, Snillikennsla og daglegar aðstæður	Ræða um upphafsstafi í nöfnum barnanna. Hlusta eftir hljóðum- Lubbi.	Dæmi: Appið „Lærum og leikum með hljóðin“
Samsett orð- orðhlutaeyðing	Samverustundir, Snillikennsla og daglegar aðstæður	Hjá eldri börnum. Nefna tvö orð og spyrja hvað	Þarf ekki gögn, en hægt að nota spil frá sérkennslu eða aðrar myndir
Tónlist og taktur	Söngstund, Snillikennsla, samverustundir, Salur og daglegar aðstæður.	Syngja lög, nota blæbrigði í söng t.d. hratt og hægt, hátt og lágt o.s.frv. klappa með. tromma á fötur, spila á hljóðfæri. Dans. hlusta á tónlist.	Hljóðfæri/hljóðgjafar Fallhlíf Spjaldtölvur Söngtextar

3. Þróunarverkefni í Kópavogi um mál og læsi

Leikskólinn hefur mikil áhrif á uppeldis- og námsaðstæður barna. Þróunarstarf hefur um árabil verið notað til þess að auka og þróa gæði leikskólastarfs, það felur í sér óskir um að bæta starfið í leikskólanum á markvissan og skipulegan hátt og einnig að fara nýjar leiðir í leikskólastarfi

Leikskólinn hefur ákveðna sögu og mótaða hugmyndafræði sem mikilvægt er að halda í. Á sama tíma eru allar breytingar örvar, með nýjum kröfum og spennandi viðfangsefnum. Í þessum breytingum þarf innra starf leikskólans sífellt að vera í skoðun og endurnýjun til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til hans. Til þess að viðhalda og þróa ákveðin gæði í leikskólastarfi er nauðsynlegt að stuðla að skipulögðu þróunarstarfi í leikskólanum. Læsi og samskipti hafa verið í brennidepli síðustu ár og í kjölfarið á því að þjóðarsáttmáli um læsi var undirritaður hefur markvisst verið unnið að þróunarstarfi á því sviði í leikskólum Kópavogs.

3.1 Læsi er meira en stafastaut

Veturinn 2016-2017 fór Kópavogsbær af stað með þróunarverkefni „Læsi er meira en stafastaut“ og var það samvinnuverkefni leikskólanna í Kópavogi, Menntasviðs og Leikskóladeildar. Hver skóli valdi sér viðfangsefni þar sem lögð var áhersla á að: efla fjölbreytta vinnu með alla þætti málþroska, málskilnings, tjáningar og læsis í leik og skapandi starfi barna auk þess sem lögð var áhersla að kennarar myndu auka hæfni sína og sjálfstraust í sínu starfi. Í Núpi var markmiðið að nýta þróunarverkefnið til að vinna með þá þætti sem tilteknir eru í framtíðarsýn „Stefnu Kópavogs um mál og læsi“ og flétta þá inn í starfið. Lögð var áhersla á að auka gæði samveru- og sögustunda með fjölbreyttum leiðum s.s. tjáningu, orðaforða, myndum, ritmáli og aukinni samvinnu við forráðamenn og stofnanir. Deildirnar fengu nokkuð frjálssar hendur með val á þeim leiðum sem farnar voru en í dag má sjá að margar af þeim leiðum hafa fest sig í sessi í starfi skólans.

Útbúið var myndband sem sýnir á einfaldan hátt hverjar áherslurnar voru.

Það má finna hér <https://www.youtube.com/watch?v=1nc2i32LVpE>

Leikskólarnir skiluðu skýrslum um þróunarverkefnið til Kópavogsbæjar. Skýrslu Núps má finna á heimasíðu Núps https://nupur.kopavogur.is/library/Files/Nupur_Laesi-er-meira-en-stafastaut_lokaskyrsla.docx.pdf

3.2 Snemmtæk íhlutun – málþroski og undirbúningur fyrir lestur

Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun með sérstaka áherslu á málþroska og undirbúning fyrir lestur fór af stað haustið 2017 í beinu framhaldi af þróunarverkefninu „Læsi er meira en stafastaut“. Leikskólarnir Arnarsmári, Fífusalir, Núpur og Sólhvörf tóku þátt í fyrstu umferð. Verkefnastjóri er Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur sem leiðir verkefnið ásamt fulltrúa frá leikskóladeild og lykilmönnum úr hverjum leikskóla. Bryndís Baldvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Sunna Einarsdóttir sérkennslustjóri hafa leitt verkefnið í Núpi. Markmiðið með verkefninu er að öll börn í leikskólum Kópavogs nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og undirbúning hvað varðar lestur. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólunum skili börnunum betur undirbúning inn í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu. Lögð verður áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum, þannig að komið verði í veg fyrir afturvirk rof (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar málþroska og læsi. Hver skóli gerir handbók sem verður aðgengileg fyrir allt starfsfólk skólanna sem og forráðamenn. Í handbókinni eru verkferlar er varðar snemmtæka íhlutun í leikskólanum s.s. móttöku barna, móttöku barna með fleira en eitt tungumál, prófanir/skimanir, skráningar og mat á árangri, flokkun á málörvunarefni, uppbygging málörvunarstunda, hagnýt úrræði o.fl.

Áhersla er lögð á:

- Að styrkja og efla málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi.
- Að auka samvinnu við heilsugæslustöðvar vegna niðurstaðna úr þroskaprófum eftir tveggja ára aldur.
- Að nota skilvirkari vinnubrögð hvað varðar málþroska og læsi með því að búa til verkáætlun sem leikskólar styðjast við. Prófanir, skimanir og athuganir hvað varðar mál og læsi verður notað í leikskólum með áherslu á íhlutun.
- Íhlutun og uppbyggingu málörvunarhópa og einstaklingsþjálfun, þar sem hvert barn fær íhlutun/kennslu við sitt hæfi verði aukin.
- Að auka þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi í leikskólum sveitarfélagsins.

- Að auka færni í skráningu, mati á árangri og flokkun/vali á viðeigandi málörvunarefni hjá starfsfólki leikskólanna.
- Að virkja/útbúa sérstaka móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál og efla íslenskukennslu, viðeigandi málörvun og stuðning fyrir þennan hóp barna.
- Að auka samstarf við sérfræðinga og forráðamenn hvað varðar málörvun og læsi
- Að auka fræðslu til foreldra.

Yfirlit yfir skimanir, prófanir og athuganir sem eru notaðar í leikskólanum til að meta málþroska og undirbúning fyrir lestur er tekið saman í handbókinni og fjallað er sérstaklega um þessi matstæki. Sérstök áhersla er lögð á að skilgreina hvaða íhlutun fer í gang eftir að búið er að leggja fyrir ofangreind matstæki. Lögð er áhersla á að vinna eftir gagnreyndum aðferðum á hagnýtan hátt með áherslu á íhlutun við hæfi, skráningu á því sem gert er í málörvun, flokkun á málörvunarefni eftir viðeigandi málþáttum og samvinnu og mati á árangri með viðeigandi gátlistum sem byggja á dæmigerðri málþróun ungra barna. Lögð er áhersla á að mæta þörfum allra barna þ.e. börnum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál, börnum með málþroskafrávik og börnum sem fylgja hefðbundinni þróun í málþroska. Starfsmenn í leikskólanum hafa tekið þátt í að gera þróunarverkefnið að veruleika með því að taka þátt í innleiðingunni á verkefninu á fjölbreyttan hátt.

4. Snemmtæk íhlutun og málþroski barna

Í leikskólanum Núpi er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólastarfinu og að brugðist verði við, ef og um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik, hjá ungum börnum, því öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi. Það skiptir jafnframt sköpum að efla samstarf við forráðamenn með því að fræða þá og upplýsa um málþroskafrávik og gera þeim grein fyrir stöðu barna sinna hvað varðar mál, tal og boðskipti og vísa þeim til talmeinafræðinga, sálfræðinga og annarra sérfræðinga eftir eðli fráviks. Með því að upplýsa forráðamenn gera þeir sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka virkan þátt í aðferðum snemmtækrar íhlutunar, til að undirbúa barn sitt enn betur til þess að takast á við áframhaldandi nám í gegnum allt lífið.

4.1 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningur fyrir lestur

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið. Sérfræðingar gerðu sér grein fyrir að hægt er að hafa áhrif á þroskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með ígrunduðum aðferðum (Weitszman og

Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Heilastarfsemin hjá ungum börnum er ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólgin með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með, ásamt því að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun. Áhersla er einnig lögð á einstaklingsáætlanir, skráningu og mat á árangri. Eitt af því sem skiptir miklu máli í allri málörvun er að vinna markvisst eftir viðeigandi málþáttum. Þess vegna er mikilvægt að flokka og skilgreina allt málörvunarefnið sem er til í leikskólanum. Þannig verður auðveldara að velja viðeigandi efni sem passar við þá málþætti sem unnið er með hverju sinni. Einnig er mikilvægt að skrá og skilgreina hvað er gert í málörvun, meta árangur og senda viðeigandi málörvunarverkefni heim með þeim börnum sem þess þurfa. Slík vinnubrögð stuðla að aukinni samvinnu á milli starfsfólks leikskóla og forráðamanna. Með því að veita markvissa málörvun í gegnum leik og daglegar aðstæður sem fyrst, er leitast við að draga úr erfiðleikum sem barnið kann að lenda í síðar meir.

4.1.1. Málskilningur

Málskilningur er háþrúð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til að geta gert sér í hugarlund aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar, skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á að geta túlkað lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færni við að búa til skema sem er mikilvæg fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema sem er eins konar innra handrit og er geymt í minni. Það sýnir tengsl hluta og alhæfða þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema fyrir málskilning. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorrardóttir, 2010).

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir 1998; Rosetti, 2005). Talmeinafræðingar geta metið frávik í orðaforða hjá tveggja ára gömlum börnum (Mc.Gregor, 2006). Það skiptir sköpum að vinna markvisst í gegnum leikaðstæður og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í gegnum leikaðstæður og viðhöfð í öllum

daglegum aðstæðum í leikskólanum. Allt starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram við að vera góðar málfyrirmyndir og að gera sér grein fyrir mismunandi stöðu barna hvað varðar málþroska.

4.1.2. Hljóðkerfi

Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi í gegnum leik og söng. Það er vitað að taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Í kringum sex mánaða aldur eru flest börn farin að leika og endurtaka hljóðasambönd sem eru búin til af samhljóða og sérhljóða. Í kringum eins árs aldur þróa börn síðan hæfileikann til þess að segja orð sem hafa merkingu við ákveðnar aðstæður (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með máhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og yfirfæra síðan þessa þekkingu á máhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir bókstafsþekkingu og lestrarnám. Umskráning bókstafa í máhljóð byggir meðal annars á þróun hljóðkerfisins. Rannsókn Þóru Másdóttur(2008) sýndi í hvaða röð íslensk börn tileinka sér máhljóðin frá tveggja ára aldri. Fyrst koma nefhljóðin /m/ og/n/ og síðast sveifluhljóðin /r/ og /hr/. Sérhljóð voru ekki skoðuð sérstaklega í rannsókninni, en vísbendingar úr henni bentu á að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin (/a/,/í/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/) og síðan tvíhljóðin (/á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/). Þessar upplýsingar gefa hugmyndir um hvernig best er að haga vinnu með íslensku máhljóðin, sem er skemmtilegt að gera í gegnum leik og söng (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009).

Byggt á bókinni: Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014)

4.2 Málþroski og málörvun ungra tví-eða fjöltyngdra barna

Þegar ætlunin er að skoða málþroska barns sem er með annað móðurmál en íslensku, með málþroskaprófum sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmál barnsins, er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort hlutir eða myndir sem notuð eru í prófinu séu viðurkennd út frá menningarlegu samhengi. Meta þarf hvort barnið hafi þann bakgrunn að það hafi tengsl við myndir, hluti og spurningar sem eru notaðar á prófinu. Ef um beina þýðingu er að ræða er mikilvægt að merkingin sé nákvæmlega hin sama og þýðingin ber með sér. Einnig þarf að gera ráð fyrir því að stundum er ekki hægt að lýsa mörgum hlutum með einu orði, þó að það sé hægt í stöðlunareintaki prófsins (Letts og Sinka, 2011).

Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskaröskun. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að það að læra önnur tungumál valdi málþroskaröskun eða seinkun í málþroska (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004).

Það er mikilvægt að afla góðra bakgrunnsupplýsinga um barnið og einnig að nota gátlista, skrá niður orðaforða barnsins (þau orð sem barnið notar á þeim tungumálum sem það er að læra). Mikilvægt er að skapa tækifæri fyrir börn sem eru að læra íslensku til að umgangast íslensk börn fyrir utan leikskóla til að fjölga stundum í íslensku málumhverfi.

Það er ljóst að mikilvægt er að greina hvort barnið er með málþroskafrávik sem kemur þá fyrst fram í eigin tungumáli og endurspeglast í öðrum tungumálum sem barnið lærir. Síðan þarf að athuga hvort barnið alist upp við það að ekki sé lagður góður grunnur að málþroska á eigin tungumáli. Það getur gerst að blandað sé saman einfaldri íslensku, ensku og einstaka orðum úr móðurmálinu. Ef málumhverfi barnsins er gert mjög flókið getur það haft áhrif á málþroska. Það þarf þó í öllum samtölum við forráðamenn frá mismunandi menningarheimum að gera sér grein fyrir því að viðhorf til frávika er mjög mismunandi og í sumum löndum er allt önnur merking lögð í hugtakið að vera með frávik. Það skiptir öllu máli er að gera sér grein fyrir menningarmun og mismunandi túlkun á frávikum hjá mismunandi þjóðum. Einnig þarf að taka tillit til þess hvaða bakgrunnsorðaforða barnið ræður yfir og kynna fyrir barninu bakgrunnsorðaforða sem tengist íslensku. Í ljósi þessa er mikilvægt að leggja áherslu á að útskýra ný hugtök fyrir barninu og vera viss um að barnið geri sér grein fyrir því til hvers sé ætlast af því. Það er ljóst að hvort sem barnið er með málþroskafrávik eða slaka færni í því að læra íslensku, er mikilvægt að veita viðeigandi íhlutun til þess að öll börn hafi jafna möguleika til náms á Íslandi.

Rannsóknir á börnum sem eru að læra fleiri en eitt tungumál sýna margar fram á sömu meginatriði:

- Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskafrávikum.
- Það er ekki nauðsynlegt að aðgreina tungumálin algerlega til þess að koma í veg fyrir rugling. Það skiptir mestu máli að tala móðurmál barnsins og leggja grunn að eðlilegri þróun í málþroska. Hins vegar er líka mikilvægt að læra tungumálið í því landi sem að barnið kemur til með að búa í. Þetta á sérstaklega við um orðaforða sem er notaður í skólaumhverfi barnsins.
- Að læra tvö tungumál tekur lengri tíma en að læra eitt. Það getur þ.a.l. komið fram frávik í málþroska þegar barnið er prófað eingöngu á einu tungumáli.
- Besta leið til þess að meta stöðu barns sem er að læra íslensku sem annað tungumál er að meta orðaforða barnsins. Það er hægt að gera t.d. með *Orðaforðagátlistanum* – *Orðaskil* og telja saman þau orð sem barnið notar í báðum tungumálum. *Orðaskil* er þó eingöngu hægt að nota til þriggja ára aldurs. Einnig er hægt að gera óformlega athugun á skólaorðaforða með aðstoð túlks.

- Magn og gæði hvað varðar samskipti, íhlutun og notkun í báðum tungumálum hefur áhrif á málþroska.
- Aðaláhýggjur af mati á málþroska hjá börnum er hættan á því að vanmeta málþroskafrávik sem koma fram á báðum tungumálum og burt útskýra hann alfarið út frá því að barnið sé að læra önnur tungumál. Hins vegar er líka hættan á því að gera ráð fyrir að barnið sé með málþroskavandamál, þegar að orsökina er að barnið hefur ekki fengið næg tækifæri til þess að tileinka sér tungumálið í því landi sem það býr í.

Tafla 2 almenn atriði málþroska

Almenn atriði sem að börn ganga í gegnum hvað varðar málþroska

- *Barnið er að uppgötva málið (frá fæðingu til átta mánaða)*
- *Að geta skipst á boðum (átta til þrettán mánaða)*
- *Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (tólf til átján mánaða)*
- *Barnið getur sett saman orð (átján mánaða til tveggja ára)*
- *Einföld setningamyndun (tveggja til þriggja ára)*
- *Flóknari setningamyndun (þriggja til fimm ára)*

Sjá einnig heimasíðu HTÍ www.hti.is

Ef barnið fylgir ekki ofangreindum þrepum í málþroska er líklegt að barnið sé með málþroskafrávik sem endurspeglast bæði í móðurmáli og öðrum tungumálum sem barnið lærir.

Byggt að hluta á bókinni: *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þ. Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, 2014

5. Móttaka barna í leikskólanum Núpi

Þegar barn byrjar í leikskólanum Núpi fer ákveðið móttökuferi í gang sem felur í sér að gera foreldra og barn öruggt í því ferli sem er að hefjast og að starfsfólk leikskólans fái sem gleggsta mynd af barninu og aðstæðum þess.

5.1 Móttökusamtal

Mikilvægt er að taka vel á móti öllum nýjum börnum og forráðamönnum þeirra í leikskólanum og til að leggja grunninn að góðu samstarfi heimilis og leikskóla enda er það forsenda farsællar leikskólagöngu og velferðar barnsins.

Áður en aðlögun hefst á haustin eru forráðamenn nýrra barna boðaðir í móttökusamtal með deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem farið er yfir helstu bakgrunnsupplýsingar um barnið og leikskólastarfið kynnt. Þar gefst gott tækifæri til að fræðast um uppruna og bakgrunn barnsins og gera sér grein fyrir hvernig best megi koma til móts við þarfir þess. Þessi viðtöl fara fram án barnanna. Í viðtalinu hitta forráðamenn fyrst deildarstjóra sem kynnir deildina sem barnið fer á og aðlögunarferlið sem fer fylgir því að byrja í leikskóla.

Forráðamenn og deildarstjóri fara í sameiningu yfir bakgrunnsupplýsingar um barnið, spurningarlista um málþroska og dvalarsamning sem er undirritaður (eru í viðauka).


Forráðamenn fá afhent: Kynningarbækling um skólann, kynningu á foreldrafélagi/foreldraráði, bækling um samræðulestur og kynningarbækling um fjölgreindir Howards Gardners . Að loknu samtali við deildarstjóra tekur leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri við móttöku forráðamanna.

Viðkomandi kynnir stefnu leikskólans, fer yfir hagnýtar upplýsingar og sýnir forráðamönnum húsnæðið. Ef upplýsingar um fatlanir eða sjúkdóma fylgja umsókn um dvöl fyrir barnið, er sérkennslustjóri með í viðtalinu. Ef að barn er tví- eða fjöltyngt er túlkur pantaður fyrir móttökuvíðtalið og farið yfir viðbótarupplýsingar er varða móðurmál barnsins. Þessar upplýsingar eru svo nýttar til að barnið fái þjónustu við hæfi í leikskólanum.

Mynd 1 Upplýsingarbæklingar til foreldra



Móttökusamtal við nýja foreldra Verkferill sem fer í gang



5.2 Bók barnsins

Bók barnsins er ferilmappa barnsins yfir leikskólagöngu þess og í hana fara ýmsar skráningar og verkefni barnsins frá hverju skólaári. Verkefnin sem fara í möppuna eiga að vera lýsandi fyrir það sem þau hafa verið að vinna að og sýna getu þess og framfarir milli skólaára. Með vönduðum og góðum skráningum frá hverju skólaári geta kennarar m.a. fengið ágætis mynd af hverju barni, stöðu þess og framförum. Bók barnsins fer með þeim heim þegar skólagöngu líkur.

Skráningar eru meðal annars eftirfarandi:

- **Dagur í lífi barns:** Einu sinni á skólaári er skráður heill dagur í skólanum ásamt ljósmyndum
- **Myndaskráning:** Tvisvar á skólaári eru gerðar myndaskráningar sem endurspegla starfið og sýna myndir af barni í leik og öðrum athöfnum, bæði eitt og sér og með félögum
- **Skráningar úr snillikennslu:** Umsjónarmenn hvorrar stöðvar í snillikennslu bera ábyrgð á að gera eina skráningu fyrir hvert barn sem lýsir verkefni sem unnið var að.
- **Meistaraverkefni:** Valin verkefni í möppuna úr starfi elstu barna
- **Sjálfsmynd:** Börn teikna sjálfsmynd á lítil blöð einu sinni á haustönn, einu sinni á vorönn. Líma blöðin á A4 karton til að sýna framfarir og merkja með ártali
- **Önnur verk barnanna:** Að lágmarki fjögur verkefni af yngri deild og sex af eldri deild á skólaári til að setja í möppu. Verkefnin sem fara í möppuna þurfa að vera lýsandi fyrir það sem hefur verið unnið að og sýna getu barnsins. Á yngri deildum er sniðugt að taka mynd af barninu vinna verkið og líma á verkið og/eða titil/texta sem gefur verkinu aukna dýpt og merkingu.

Mynd 2 Bók barnsins

Mynd: bók barnsins vantar

5.3 Flutningur milli deilda

Þegar börn flytjast milli deilda fá forráðamenn upplýsingar frá deildarstjóra um á hvaða deild barnið barnið fer og hvenær. Að öllu jöfn fara flutningar milli deilda fram á haustin (eftir sumarlokun). Fyrir sumarfrí gefst forráðamönnum tækifæri til að hitta deildarstjóra nýju deildarinnar og skoða deildina á fyrirfram auglýstum degi. Deildarstjórar eru til viðtals á deildunum í klukkustund og geta forráðamenn litið inn þegar þeim hentar. Ekki er um kynningarfund eða formlegt viðtal að ræða, heldur óformlegt spjall. Aðlögun milli deilda tekur tvo til þrjá daga og fylgir starfsmaður af gömlu deildinni börnunum yfir á nýja deild. Starfsfólk leikskólans nýtir vorið og sumarið til að kynna nýju deildina fyrir börnunum og farið er í heimsóknir á milli deilda með litla hópa. Kynningarfundir um starfsemi deilda fyrir forráðamenn eru svo að hausti.

Bók barnsins sem er ferilmappa þess gegnum leikskólagönguna og persónumappa með öllum eyðublöðum og fylgisskjölum er varðar leikskólagönguna fylgja barninu yfir á nýju deildina auk þess sem deildarstjórar hittast á fundi og fara yfir upplýsingar um barnið sem eru mikilvægar fyrir nýtt starfsfólk að vita til að flutningur barnsins á milli deilda gangi sem best fyrir sig.

6. Skimanir/prófanir/athuganir

Í Núpi fylgjast leikskólakennarar og sérkennslustjóri með framvindu þroska barnanna. Þeir nota ýmis matstæki til þess að átta sig betur á hvar styrkleikar og veikleikar hvers nemenda liggja og geta þannig veitt snemmtæka íhlutun sé þörf á því í kjölfarið. Í leikskólanum er alltaf lögð áhersla á að íhlutun komi til eftir að matstæki hefur verið lagt fyrir.

Eftirfarandi eru þau matstæki sem eru lögð eru fyrir öll börn í leikskólanum Núpi.

6.1 TRAS

TRAS er skráningarlisti fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. TRAS listinn þykir hentugur til að finna frávik barna snemma og að þannig sé unnt að grípa inn með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum.



TRAS skráningarlistinn hefur verið þýddur og staðfærður fyrir íslenskar aðstæður.

Góður málproski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga (Endurmenntun Háskóla Íslands). Skráningarlistinn er fylltur út á sex mánaða fresti og nota kennarar niðurstöður til að ákveða hvernig best megi stuðla að framförum hjá barninu.

Kennarar taka einnig saman heildarniðurstöður í sínum hópum og geta þannig haft yfirsýn yfir stöðu barnahópsins og hvort íhlutunar er þörf hjá einstaka barni eða börnum. Niðurstöður eru einnig kynntar í næsta samtali við forráðamenn. Það er mikilvægt að vera í stöðugu samstarfi við forráðamenn og veita þeim ráðgjöf eftir þörfum.

6.2 EFI – 2

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. EFI-2 var gefið út 1999 og er eftir Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörgu Símonardóttir en þau eru öll talmeinafræðingar. Þeir kennarar sem leggja fyrir EFI-2 þurfa að hafa réttindi til þess. Barn og kennari skoða saman myndabók og svör barnsins gefa vísbandingu um hvar það er státt í málþroskaferlinu. Þessi skimun kannar málskilning og máltjáningu barnsins og tilgangurinn er að finna börn sem gætu þurft á stuðningi að halda. Með því að finna börn með málörðugleika sem fyrst er hægt að bæta úr með snemmtækri íhlutun sem mætir þörfum barnsins.



Þau börn sem koma út með slaka eða mjög slaka getu er boðið upp á að fara í málörvunarhóp sem sérkennsluteymi skólans heldur utan um. Málörvunarhópurinn hittist einu sinni til tvisvar í viku þar sem markvisst er unnið að því að þjálf þá þætti sem komu slakir út á skimunarprófinu og öðrum matstækjum sem hafa verið lögð fyrir barnið.

6.3 HLJÓM - 2

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir öll börn á fimmta ári til að meta hljóðkerfis- og málvitund barnanna. Það er gert í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.

Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (níu af hverjum tíu börnum sem glíma við lestrarvanda). Mikilvægt er að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni sem örva hljóðkerfis- og málvitund þeirra og að þeim sem virðist eiga í



erfiðleikum samkvæmt prófinu sé sinnt sérstaklega. Leikskólaárin eru því sérlega mikilvæg fyrir snemmtæka íhlutun í hljóðkerfis og málvitund. HLJÓM-2 er lagt fyrir á haustin og þau börn sem koma út með slaka eða mjög slaka getu samkvæmt niðurstöðum prófsins fara í málörvunarhóp sem hittist einu sinni í viku. Þar er unnið markvisst í að þjálfa þá þætti sem komu slakir út. Eftir þriggja mánaða vinnu, er HLJÓM-2 lagt fyrir aftur og ef barnið fær aftur slaka útkomu er málið skoðað í samráði við forráðamenn og deildarstjóra og ákvörðun tekin varðandi frekari íhlutun og tilvísun til annarra sérfræðinga. Þessar niðurstöður úr HLJÓM-2 prófinu fylgja barninu í grunnskólann.

7. Viðbrögð við frávikum

Ef niðurstöður úr áður nefndum matstækum eru fyrir neðan meðaltal eru *Orðaskil* málþroskapróf, *Smábarnalistinn*, *Íslenski þroskalistinn* eða *AEPS-listinn* lagðir fyrir en það eru próf og staðlaðir þroskalistar sem ætlaðir eru til þess að meta mál- og hreyfiþroska barna. Aldur barna og fleira ræður því hvaða listi er lagður fyrir hverju sinni. Mæður svara *Smábarna- og Íslenska þroskalanum* og meta með því þroska barna sinna (Einar Guðmundson og Sigurður J. Grétarsson, 1997, 2005) en forráðamenn og kennarar svara *AEPS listunum*. Leikskólakennarar eða sérkennslustjóri reikna út niðurstöður úr ofangreindum prófum, þroskalistum og boða til skilafundar þar sem ákvörðun er tekin um hvað gert verður í framhaldinu. Stundum er þörf á myndun teymis í kringum barnið.

Teymi er hópur fólks sem hefur mismunandi þekkingu á ólíkum sviðum en vinnur að sömu markmiðum og ber sameiginlega ábyrgð (Ína Rós Jóhannesdóttir, 2010). Teymi er mikilvægur þáttur þegar unnið er eftir hugmyndafræði snemmtæktrar íhlutunar. Í teyminu eru þeir aðilar sem sinna barninu og styðja við fjölskyldu þess (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008). Hópurinn samanstendur af forráðamönnum barnsins, stuðningsaðila eða þroskaþjálfara sem sinnir barninu innan leikskólans,

sérkennara og sérkennsluráðgjafa þess bæjarfélags sem barnið tilheyrir. Oft eru sjúkra-, iðju- og talmeinafræðingar hluti ef teyminu. Teymin funda eftir þörfum hvers og eins en oft eru teymin að funda á sex til átta vikna fresti. Á teymisfundum er m.a. farið yfir áherslur í þjálfun, einstaklingsáætlanir og markmið þeirra, skráningar á framförum, hvaða verkefni er unnið með o.s.frv.

7.1 Málörvun tví- eða fjöltyngdra barna

Afar mikilvægt að styðja við máltöku tví- eða fjöltyngdra barna í íslensku strax í upphafi leikskólagöngu. Í Núpi fara börnin í markvissa málörvun með kennara úr sérkennsluteymi leikskólans þar sem áhersla er lögð á að styrkja orðaforða. Börnin fara ýmist ein í málörvunartíma eða í litlum hóp en þá er unnið með samskipti og félagsleg tengsl. Ýmsar aðferðir eru notaðar til að hjálpa barninu að aðlagast nýju málumhverfi í daglegu starfi leikskólans. Notaðar eru myndir, sjónrænt dagskipulag og orðadagbækur (**hér vantar myndir**), allt eftir þörfum barnsins hverju sinni.

7.2 Orðaskil

Málþroskaprófið *Orðaskil* er eftir Elínu Þöll Þórðardóttir (1998) og er það ætlað til notkunar fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófið metur orðaforða barna, færni þeirra í setningagerð og hversu gott vald þau hafa á beygingum í íslensku miðað við jafnaldra.

Stytttri útgáfa *Orðaskila* er notuð til skimunar í Núpi, en í henni er eingöngu notaður fyrsti og síðasti og síðasti kafli prófsins. Forráðamenn fá listann með sér heim og krossa við orð sem barnið notar. Í kjölfarið er fundur haldinn með foreldrum og farið yfir niðurstöður og þörf fyrir íhlutun kynnt.

7.3 Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn

Íslenski þroskalistinn er gefinn út á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála og er nýttur við skimun. Höfundar hans eru sálfræðingarnir Sigurður Grétarsson og Einar Guðmundsson. Íslenski þroskalistinn er tæki til að meta þroska þriggja til sex ára barna á mál- og hreyfisviði. Móðir svarar 208 staðhæfingum um þroska barnsins og niðurstöður byggja á þeim svörum. Listinn er íslenskur og staðlaður fyrir íslenskar aðstæður. Fundin er ein þroskatala (DQ) auk mælitölu, annars vegar fyrir hreyfisvið og hins vegar fyrir málsvið. Hreyfisvið nær yfir fínhyfingar, grófhreyfingar og sjálfsbjörg. Málsvið nær yfir hlustun, tal og nám.

7.4 AEPS

AEPS er færnimiðaður matslisti sem hefur verið í þróun frá 1974 í Bandaríkjunum og eru höfundar hans Diane Bricer, Kristie Pretti-Frontczak, JoAnn (JJ) Johnson og Elizabeth Straka. Fyrsta útgáfan kom út árið 1980 og hefur margt breyst á þessum árum fram til dagsins í dag.

AEPS matslistinn er hentugt tæki þegar útbúin er einstaklingsnámskrá og íhlutun skipulögð. Listinn er til þess gerður að meta hvar barnið er stött og með hvaða færni á að vinna. Lögð er áhersla á samstarf forráðamanna og fagmanna við setningu markmiða og skrifar sérkennslustjóri eða sérkennari einstaklingsnámskrá í samvinnu við forráðamenn.

7.4.1 Einstaklingsnámskrá

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn með frávík og sem hafa þess vegna fengið úthlutað tímum í stuðning vegna m.a. frávika í málþroska. Einstaklingsnámskrár (sjá viðauka) eru unnar af sérkennurum í samvinnu við forráðamenn. Svokallaður AEPS færnimiðaður matslisti er notaður til að kortleggja og skrá styrk- og veikleika barnsins (sjá kafla 7.3.) Einstaklingsnámskráin er unnin á haustin, lang- og skammtímamarkmið eru sett og eru skammtímamarkmiðin endurmetin í janúar. Þar koma fram markmið varðandi þá þætti sem vinna þarf með og leiðir sem fara á til þess að ná þeim markmiðum. Þar er einnig tekið fram hverjir munu vinna sérstaklega með þessi markmið fyrir barnið í leikskólanum og hve oft í viku.

7.5 Flokkun á málörvunarefni

Málörvunarefni leikskólans er flokkað og litamerkt. Það er gert til að auðvelt sé að finna efni sem tengist því sem á að vinna með í hvert sinn (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2014)

Tafla 3 Flokkun á málörvunarefni

	<u>Setningafræði</u> : Vinna með setningar, lengja þær og vinna með smáorð t.d. verkefni/spil sem æfa frásögn og sögugerð.
	<u>Málfræði</u> : Vinna með afstöðuhugtök, persónufornöfn, eignarfornöfn, nútíð, þátíð, eintölu, fleirtölu og fallbeygingar
	<u>Heymarminni</u> : Hlusta, muna og gera (kennarinn gefur fyriræli og barnið þarf að muna og framkvæma)
	<u>Hljóðkerfisvitund</u> : Rím, klappa atkvæði, vinna með stafi og hljóð þeirra (t.d. finna fyrsta og síðasta hljóð í orði). Orðhlutaeyðing og hljóðtenging
	<u>Orðaforði</u> : Auka orðaforða barna, setja orð á það sem fyrir augu þeirra ber. Útskýra orðin.
	<u>Almennur málskilningur</u> : Vinna með málskilning með því að útskýra/lýsa orðum t.d. í lottospilum (kennarinn lýsir því sem er á myndunum og barnið reynir að giska á rétt svar)
	<u>Litir</u> : Vinna með liti.
	<u>Stærðfræði</u> : Vinna með tölur og form

7.6 Heilsugæslan

Allir leikskólar í Kópavogi eru í nánú samstarfi við ungbarnaeftirlit heilsugæslunnar. Þar leggja hjúkrunarfræðingar þroskamát fyrir börn og spurningalista fyrir forráðamenn. Þroskamatið felst í því að lögð eru verkefni fyrir börn sem ná yfir marga þroskaþætti. *BRIGANCE* þroskamatið skiptist í þrjá þætti: hreyfifærni, skólafærni og samskiptaþærni. Það metur málnotkun, orðaforða og málskilning, forlestrarþærni, magnhugtök, fín- og grófhreyfingar og þekkingu á persónulegum högum (Heilsugæslan Salahverfi, 2015). Forráðamenn fá lista (PEDS) sem er tíu atriða spurningalisti þar sem þeir geta lýst yfir áhyggjum sínum eða áhyggjuleysi varðandi málþroska, heyrn, fín- og grófhreyfingar, hegðun og almenna þroskaframvindu barns síns. Ef áhyggjur vakna hjá heilsugæslunni, varðandi barnið, er hringt í sérkennslustjóra leikskóla barnsins og farið yfir næstu skref með þarfir barnsins í huga.

8. Málörvun í daglegu starfi leikskólans

Í Núpi er lögð áhersla á að leggja grunn að bernskulæsi (e. emergent literacy) hjá börnum en í því felst m.a. að þau tileinki sér ákveðna undirstöðupætti í lestrarþærni áður en grunnskólaganga hefst með fjölbreyttu námsefni sem skólinn hefur yfir að búa og hvetjandi leiðum. Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi s.s. fataklefa, matsal, á skiptiborðinu og útiveru. Börnin læra m.a. gegnum leikinn, í gegnum snillikennslu (sjá kafla 8.1) af hvert öðru og með góðum málfyrirmyndum. Núpur á mjög gott bókasafn og er lögð áhersla á sögustundir, að gera bækur aðgengilegar, að ritmál sé sýnilegt og að börnin fái tækifæri til að reyna sig á fjölbreyttan hátt. Lögð er áhersla á góða samvinnu og gott upplýsingaflæði til forráðamanna sem vettvang til málörvunar og upprifjunar heima og einnig er gott samstarf við bókasafnið í Lindaskóla.

8.1 Snillikennsla

Snillikennsla er okkar heiti yfir hópastarf í Núpi. Í snillikennslu er börnunum skipt á mismunandi svæði og unnið að ýmsum verkefnum í litlum hópum út frá Fjölgreindarkenningu Howards Gardner. Sérstök áhersla er lögð á að vinna með **málgreind, sjálfsþekkingargreind og samskiptagreind** á öllum svæðunum. Í listaskála er unnið með rýmisgreind en þar er lögð áhersla á sköpun af ýmsum toga. Í hreyfisal er unnið með líkams- og hreyfigreind. Á heimastofum er unnið með könnunaraðferð, könnunarleik, málgreind, rök- og stærðfræðigreind, umhverfisgreind og tónlistargreind.

Kennarar gera áætlun fyrir sína stöð á hverri önn þar sem sett eru fram markmið og leiðir til að vinna með hverja greind. Málgreind, samskiptagreind og sjálfsþekkingargreind fléttast inn í alla vinnu leikskólans bæði í snillikennsluhópum sem og í daglegu starfi.

Snillikennslan byrjar í september/október, eða um leið og börnin hafa náð að finna til öryggis í leikskólanum eftir aðlögun. Hlé er gert á snillikennslu meðan viðtöl við forráðamenn fara fram og í desember.

Mynd 3 Rök- og stærðfræðigreind



Mynd 4 Líkams- og hreyfigreind / Umhverfisgreind



8.2 Vináttuverkefni Barnaheilla

Vináttu – verkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla. Efnið heitir á frummálinu „Fri for mobberi“ og er þýtt, staðfært, framleitt og gefið út í samstarfi við „Red barnet – Save the Children og Mary Fonden“ í Danmörku. Efnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu leikskólastarfinu. Einnig er til efni fyrir fyrstu bekk í grunnskóla. Rannsóknir í Danmörku hafa leitt í ljós góðan árangur af notkun vináttuverkefnisins og þau börn sem eru í skólum þar sem unnið er með efnið sýna meiri samhygð gagnvart hvert öðru en önnur börn.

Tafla 4 Yfirlit yfir hugtök sem unnið er með

<p style="text-align: center;"><u>1. Umburðarlyndi</u></p> <p>Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.</p>	<p style="text-align: center;"><u>3. Umhyggja</u></p> <p>Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.</p>
<p style="text-align: center;"><u>2. Virðing</u></p> <p>Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi hátterni annarra.</p>	<p style="text-align: center;"><u>4. Hugrekki</u></p> <p>Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.</p>

Í Núpi er unnið með verkefnið í öllum árgöngum. Skólinn á töscur fyrir eins til þriggja ára og þriggja til sex ára. Í töskunum eru samræðuspjöld með efni til að leggja inn í Blæstund, bækur s.s.efni til að vinna með í útivist, tónlistarefni, sögubók og nuddhefti, klípusögur fyrir foreldra og starfsfólk og bangsinn Blær, Í hverri stund er spjald úr töskunni lagt inn og rætt en á þeim eru aðstæður sem geta komið upp í samskiptum settar upp, ein saga lesin og lögin á disknum eru notuð sem ítarefni, ýmist hlustað á, dansað við þau eða sungið.

Bangsinn Blær er táknmynd verkefnisins og fá öll börnin sem taka þátt í verkefninu lítinn Blæ sem þau vinna með inni á deildum og í sumum tilfellum taka þau hann með sér í hvíldina. Blær gefur starfsfólki leikskólans gott tækifæri til að leggja inn nýjan orðaforða tengdum verkefnunum og umræður um efnið með börnunum festa orðaforðann enn betur í minni barnanna.

Í bókasafni Núps er búið að taka frá bækur sem tengjast efninu á einhvern hátt og hægt er að notast við þegar unnið er með vináttuverkefnið Blæ. Þær eru merktar „Bækur fyrir Blæ” og eru í sér hillu.

8.3 Orðaspjallsaðferðin

Leikskólabörn læra í gegnum leik og því er mikil áhersla lögð á orðaleiki og leikræna tjáningu í íslenska Orðaspjallinu. Kennarinn velur bók til að lesa með börnunum og orð úr svokölluðu millilagi orðaforðans úr bókinni til að kenna, ræða um og leika með. Hann staldrar lítilega við orðið þegar að því kemur í sögunni og útskýrir merkingu þess í stuttu máli. Þegar kennarinn hefur lokið lestrinum útskýrir hann orðið rækilega, ræðir merkingu þess og leitast við að nota það í öðru samhengi en gert er í sögunni sjálfri. Jafnframt er afar mikilvægt að hann hvetji börnin til að segja orðið, setja það í setningar og nota í frásögnum. Að þessari fyrstu kynningu orðsins lokinni er tilvalið að fara í leiki, til að mynda spurningaleiki um orðið sem og önnur orð sem þegar hafa verið lögð inn. Börnin hafa gaman af að leika orðin hvert fyrir annað, segja orðin upphátt og klappa í takt eða hvað eina sem frjóum kennurum og börnum kemur til hugar (Árdís H. Jónsdóttir, 2013). Á eldri deildum er aðferðin notuð til að dýpka efnið sem unnið er með m.a. þegar unnið er með Lubba og bóklestur/bók mánaðarins.

8.4 Lubbi finnur málbein

Haustið 2019 byrjaði markviss innleiðing á málörvunarefninu Lubbi og málbeinin hans í Núpi en efnið tengist læsi og málörvun. Hugmyndasmiðirnir á bak við Lubba, Þóra Másdóttir og Eyrún Ísford Gísladóttir, eru talmeinafræðingar sem hafa áralanga reynslu af talþjálfun barna. Námsefnið býður upp á nýja framsetningu á íslensku máhljóðunum og leggur góðan grunn að lestrarnámi auk þess sem það stuðlar að betri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð.

Lubbi er íslenskur fjárhundur sem býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin. Máhljóðin líta út eins og bein sem Lubbi nagar enda elska hundar bein. Smátt og smátt lærir hann að tala. Lubbi þarf þó góða aðstoð við að læra máhljóðin og hjálpa krakkarnir honum með söng og hreyfingum. Búin var til tímaáætlun sem allar deildir fylgja um innlagnir á máhljóðum. Í hverri viku er eitt máhljóð tekið fyrir ásamt sögu sem tengist þessu máhljóði og ferðalagi Lubba og einnig er hreyfing sem börnin læra sem hjálpar að festa nýja máhljóðið í minnið. Eitt máhljóð er tekið fyrir á viku og allar deildir leikskólans vinna með það hver með sínum hætti.

Mynd 5 Lubbi fer heim með barni

Í lok vikunnar fer einn Lubba tuskhundur af hverri deild (nema yngstu deildinni) heim með barni yfir helgina. Með Lubba fylgir mappa þar sem óskað er eftir að forráðamenn og börn vinni saman með máhljóð vikunnar. Fjölskyldur eru hvattar til að leita að hlutum og öðrum þáttum í umhverfi sínu sem byrja á viðkomandi máhljóði og skrá niður þau orð sem þau finna með fjölbreyttum hætti í möppuna. Skráningarnar hafa ýmist verið í formi ljósmynda, teikninga eða skrifaðra orða, en fólk er hvatt til að nýta ímyndunaraflíð í þessari vinnu.



Mynd 6 Lubbi hljóð vikunnar


Á Lundi (eins til tveggja ára börn) er Lubba bókstafurinn og hljóð stafsins kynnt í Lubbastund, sagan sem fylgir bókstafnum er lesin og skoðuð. Einnig er lag sem að fylgir málörvunarefninu um hvern bókstaf sungið út vikuna.

Á yngri gangi er Lubbastund einu sinni í viku. Þar er farið yfir máhljóð vikunnar og hverjir eiga hljóðið í nafninu sínu. Börn og starfsfólk æfa sig að gera táknrænar hreyfingarnar sem fylgja hverju máhljóði, sagan um bókstafinn/máhljóðið er lesin og lagið sem fylgir hverjum bókstaf er sungið. Eldri hópurinn fer yfir hvaða orð byrja á máhljóðinu sem er verið að vinna með.



Mynd 7 Lubbi orð vikunnar

Á eldri deildum fer fram markviss vinna með máhljóð vikunnar alla daga í samverustundum. Löggin eru sungin, örsögurnar úr Lubbabókinni sem fylgja hverju máhljóði eru lesnar og orðaspjalls aðferðin (sjá kafla 8.3.) er notuð á svokölluð „orð vikunnar“ sem kennarar hafa valið upp úr örsögnum. Auk þess leita börnin að hljóði vikunnar í nöfnunum sínum, leita að rímorðum sem innihalda hljóðið og svo framvegis.



8.5 Bína bálreiða

Einn þáttur í snemmtækri íhlutun fyrir börn með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Undanfarið hefur áhugi fræðimanna í auknum mæli beinst í þessa átt vegna þess hve afgerandi áhrif hún hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform málþroskafrávika getur komið fram í hegðunarerfiðleikum. Börn með slaka boðskiptafærni kunna ekki að vera í hópi. Þau eiga erfitt með að lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og gera til skiptis. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hópavinnu. Í bókinni um Bínu bálreiðu (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006) er unnið markvisst með að kenna börnum að leggja grunn að góðum boðskiptum. Bína kennir börnunum að sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis og muna. Það sem er skemmtilegt við Bínu er að hún er dúkka sem að höfðar bæði til drengja og stúlkna. Boðskiptareglur Bínu eru sýnilegar víða í skólanum til þess að hjálpa börnunum að læra viðeigandi boðskipti og minna þau á hvað er æskilegt að tileinka sér í samskiptum.

Mynd 8 Bína bálreiða

Í upphafi málörvunarstunda og í einstaklingsþjálfun eru boðskiptareglur Bínu notaðar til að kenna börnum sjálfstjórn og viðeigandi boðskipti. Með því vita börnin til hvers er ætlast af þeim og þau fá verkfæri til að geta einbeitt sér betur og til að geta lokið við verkefnið. Renningar með myndum af boðskiptareglum Bínu eru notaðir til að styðja við þau börn sem þurfa aukinn stuðning.



8.6 Samveru- og sögustundir

Á öllum deildum eru daglega söngstundir og einnig samveru- og sögustundir. Þar er lögð áhersla á að málörvun, gæðalestur, samskipti og söng.

Á yngstu deildinni **Lundi** eru samverustundir einu sinni á dag þar málörvun fer fram með barnahópnum, bækur eru skoðaðar og lesnar og sungið daglega. Lubbastundir og Blæstundir eru í hverri viku.

Í þessum stundum fer mikil málörvun fram sem og í öllu daglegu starfi s.s. fataherbergi, bleiuskiptum og við matarborðið.

Vikuplan tvískiptra samverustunda á yngri gangi (Þúfa/Hvammur)

Tafla 5 vikuplan samverustunda yngri barna

Mánudagur	Eldri hópur: Lubbastund Yngri hópur: Söngur	Eldri hópur: Söngstund Yngri hópur: Lubbastund
Þriðjudagur	Eldri hópur: Sögustund Yngri hópur: Sögustund	Eldri hópur: Rím/þulur Yngri hópur: Söngstund
Miðvikudagar	Yngri og eldri hópur: Málörvun: litaheiti, líkamshlutar, talning o.s.frv.	Yngri og eldri hópur: Söngstund
Fimmtudagur	Eldri hópur: Rím/þulur Yngri hópur: Rím/söngur/þulur	Yngri og eldri hópur: Leikir
Föstudagur	Eldri hópur: Blæstund Yngri hópur: Sögustund	Eldri hópur: Söngur Yngri hópur: Blæstund

Í sögustundum er rýnt í efni bókarinnar, orð sem þarf að skoða nánar, bent á einkenni og blæbrigði málsins, leikið með orð sem ríma, klöppuð atkvæði o.s.frv.

XXX

Vikuplan samverustunda á eldri gangi (Höfði/Brekka)

Mynd 10 Vikuplan samverustunda á eldri gangi

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Fyrir hádegi	Dagatal - Veður- klæðnaður	Dagatal - Veður- klæðnaður	Dagatal - Veður- klæðnaður	Dagatal - Veður- klæðnaður	Dagatal - Veður- klæðnaður
	Söngur Lubbi	Málörvun Lubbi	Söngur Lubbi	Málörvun Lubbi	Söngstund Lubbi
Eftir hádegi	Lesi sögu	Leikur	Málörvun	Lesi sögu	Málörvun

Umgjörð samverustunda á eldri gangi byggir á sama formi. Í upphafi er farið yfir:

- Dagskipulag, hvaða dagur er og árstíð.
- Veður og hvaða klæðnaður er hentugur.
- Þula / þula mánaðarins.
- Viðfangsefni dagsins.

8.7 Meistarahópar

Elstu börnin í leikskólanum eru kölluð Meistarar. Þau eru flest búin að vera í leikskólanum í fjögur ár og eru orðin vel þjálfuð í öllu daglegu starfi hans. Mikilvægt er að mæta þörfum þessa hóps með krefjandi verkefnum við hæfi.

Sérstök verkefni Meistara fara fram einu sinni í viku að morgni til. Leikskólinn hefur skólastofu í Lindaskóla til afnota sem deildirnar tvær, þar sem elstu börnin dvelja á, skiptast á að nýta sér. Hvert barn fer því aðra hverja viku í Lindaskóla. Markmið Meistaraverkefnanna er að efla sjálfstæði barnanna, undirbúa grunnskólagöngu þeirra og veita þeim vitsmunalega örvun við hæfi. Unnið er út frá mismunandi þemum. Kennarar ákveða hvert þemað á að vera, en skilgreina það í víðu samhengi svo næg tækifæri gefist til að meta áhuga barnanna og vinna út frá honum.

Mikil áhersla er lögð á ritmál, orðaforða og skilning í þessum verkefnum. Meðal annars er aðferðafræði Orðaspjalls (sjá kafla 8.3) höfð til hliðsjónar. Áhersla er einnig á hagnýt vinnubrögð svo sem að klippa, að draga til stafs og teikna. Strax í upphafi vetrar er börnunum hjálpað að læra að skrifa nafnið sitt eftir forskrift og mikil áhersla er lögð á að þau merki verk sín sjálf með nafninu sínu. Auk þess skrifa þau ýmislegt annað eftir forskrift en það reynir á yfirfærslu sem er mikilvæg í öllu námi. Eins oft og tækifæri gefst fær hópurinn tækifæri til þess að ræða ákveðin málefni og taka ákvarðanir í sameiningu og þá reynir á samvinnu, gagnrýna hugsun og málamiðlun.

Mynd 12 Meistarar að störfum



8.8 Söngstundir

Er í vinnslu texti

8.9 Samvinna leik- og grunnskóla – skil milli skólastiga

Er í vinnslu texti

8.10 Samvinna við bókasafnið

Óklárað/þarf að endurskoða texta

Farið er á Lindasafn á þriðjudögum kl. 10:00. Miðað er við að fjögur til fimm börn af deildunum: Hvammi og Þúfu fari í einu ásamt einum starfsmanni af hvorri deild. Á sumrin hafa bókasafnsferðirnar verið hluti af Snillikennslu. Á bókasafninu er boðið upp á sögustund og að henni lokinni mega börnin skoða bækur. Hægt er að fá lánaðar bækur af bókasafninu ef vilji er fyrir hendi.

Heimildaskrá

- Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). Orðaspjall – Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bókalestri. Leikskólinn Tjarnarsel: Reykjanesbær.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010). Að byrja nógu snemma: Markviss kennsla fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með mál og lestur. *Talfræðingurinn*, 21(1), 20-22.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir. Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes: Útgefin af höfundum
- Brinton, B. og Fujiki, M. (2006). Social and affective factors in children with language impairment: implication for literacy learning. í C.A. Stone, E.R. Silliman, B.J. Ehren og K. Apel (ritstjórar), *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 130-153). New York: Guilford Press.
- Bryndís Guðmundsdóttir. (2008) *Lærum og leikum með hljóðin*. Reykjanesbær: Raddlist ehf.
- Edwards, S., Letts, C. og Sinka, L. (2011). *The new Reynell developmental language scales manual*. London: GL Assessment Limited.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998) *Orðaskil: Málproskapróf*. Reykjavík. Framsaga
- Elín Þöll Þórðardóttir (2004). Tvítyngi er ekkert að óttast. *Talfræðingurinn*, 18(1), 5-7.
- Elín Þöll Þórðardóttir (2006). Language Intervention for bilingual mindset. *The ASHA leader: American Speech-Language- Hearing – Association*
- Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Forlagið
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Heilsugæslan Salahverfi, (2015).
- Letts, C. og Sinka, L. (2011). *The new Reynell developmental language scales: Multilingual toolkit*. London: GL Assessment Limited.
- Manolson, A. (1992). *It takes two to talk* (3. Útgáfa). Toronto: Hanen Centre
- Rosetti, L. (2005). *The Rosetti Infant – toddler language scale*. East Moline: LinguSystems

Singh, S. Og Kent, R.D. (2000). *Illustrated dictionary of speech, language pathology*. San Diego: Singular Publishing Group.

Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn*, 19(1), 5-7.

Westby, C. (2006). A language perspective on executive function: Metacognition and selfregulation in reading. Í C.A. Stone, E.R. Silliman, B.J. Ehren og k. Apel (ritstjórar), *Handbook of language and literacy: Development and disorders* (bls. 398-428). New York: Guilford Press.

Weitzman, E. og Greenberg, J. (2002). *Learning language and loving it*. Toronto: The Hanen centre.

Þóra Másdóttir. (2008). *Phonological development and disorders in Icelandic-speaking children*. Doktorsritgerð: Newcastle Univerity, Bretlandi.

Viðauki

9. Móttökusamtal fylgiskjöl

Upplýsingar fyrir starfsfólk

Athugið að farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Nafn barns _____ Kennitala: _____

Hvað er barnið kallað heima: _____

Þjóðerni barns: _____

Ef erlent, hve lengi hefur barnið búið á Íslandi: _____

Dvalartími: _____

Heimilisfang _____

Forráðamaður _____ Gsm: _____

Netfang: _____ Vinnustaður: _____

Vinnusími: _____ Móðurmál ef annað en íslenska: _____

Forráðamaður _____ Gsm: _____

Netfang: _____ Vinnustaður: _____

Vinnusími: _____ Móðurmál ef annað en íslenska: _____

Talar barnið annað tungumál en Íslensku: _____

Býr barnið hjá báðum foreldrum? _____ Ef ekki, þá hjá hvoru: _____

Hefur barnið samband við hitt foreldrið: _____

Hvernig er því sambandi háttað: _____

Nöfn systkina og fæðingarár: _____

Annað heimilisfólk: _____

Á barnið afa og ömmu, ef já hvar búa þau: _____

Hefur barnið verið áður í leikskóla/dagmömmu: _____

Ef já hvar og hve lengi: _____

Þekkir barnið einhvern í leikskólanum: _____

Hefur barnið farið í 12, 18, 2,5 skoðun á heilsugæslu: _____

Hefur barnið ofnæmi: _____ Fyrir hverju: _____

Hefur barnið óþol: _____ Fyrir hverju: _____

Hefur barnið fengið eyrnabólgu, astma, hitakrampa eða aðra barnasjúkdóma: _____

Þarf barnið að nota lyf að staðaldri: _____

Hvaða lyf: _____

Hefur barnið farið í sjónmælingu eða heyrnamælingu: _____

Hefur barnið farið til tannlæknis: _____

Hvað finnst barninu gott að borða og er eitthvað sem það vill alls ekki: _____

Notar barnið bleiu: _____

Sefur barnið á daginn og hve mikið: _____

Notar barnið snuð/mjúkt dýr í hvíldinni: _____

Hvernig er barnið þegar það fer að sofa (rólegt, órólegt): _____

Lýsing foreldra á skapgerð barnsins: _____

Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: _____

Annað sem foreldrar vilja að komi fram varðandi barnið. _____

Ef barnið veikist eða slasast í leikskólanum og ekki næst í foreldra þess, við hverja á að hafa samband? Þessir aðilar hafa leyfi til að taka ákvarðanir um aðgerðir og lyfjagjöf ef ekki næst í foreldrana og barnið er mikið slasað eða veikt.

Nafn, kennit.,sími. _____

Nafn, kennit.,sími. _____

Foreldrar þurfa að upplýsa þá sem hafa þetta hlutverk um ábyrgð þeirra.

Aðrir sem hafa leyfi til að sækja barnið í leikskólann:

_____ Sími: _____

_____ Sími: _____

_____ Sími: _____

_____ Sími: _____

Ef aðrir en ofanskráðir aðilar sækja barnið eru foreldrar/forráðamenn beðnir að láta leikskólann vita um það.

Miðað er við að einstaklingur sem kemur með eða sækir barn í leikskóla sé sjálfur orðinn a.m.k. 12 ára. Er það gert að ábendingu Umboðsmanns barna á Íslandi.

Minna á reglur um bílstólanotkun og hjólahjálma.

Barnavernd, 17.gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Okkur ber skylda til að tilkynna hvers kona vanrækslu eða misnotkun til barnaverndarnefndar. Tilkynning okkar er alltaf undir nafni.

Dags. _____

Undirskrift forráðamanns _____

Endurskoðað júní 2019 SB og BB

Hugmyndafræði þátttöku-aðlögunar

Skipulag aðlögunar

Dagur 1: Barn og foreldri mæta í leikskólann kl. 9:00 - eru í leikskólanum fram yfir hádegismat - borða saman - foreldri aðstoðar barnið í matartímanum.

Dagur 2: Barn og foreldri mæta kl. 9:00 - eru saman fram yfir hvíld – foreldri fer með barninu í hvíld - barnið vaknar í leikskólanum og sér foreldri sitt.

Dagur 3: Barn og foreldri mæta kl. 9:00 - eru saman fram yfir drekkutíma.

Dagur 4: Barn og foreldri mæta á vistunartíma barnsins. Foreldri kveður barnið og fer.

Einstaka barn þarf aðeins lengri aðlögunartíma - það er einstaklingsbundið og deildarstjóri og foreldrar meta það.

Hlutverk kennara er að:

- kynnast barninu
- sinna sínu daglega starfi, dagurinn gengur fyrir sig eins og hver annar dagur.
- svarar spurningum foreldra og segir þeim frá því sem er að gerast.
- skrá hjá sér hugleiðingar varðandi barnið – upplifun barnsins og foreldra af fyrstu dögnum í leikskólanum og samskipti þeirra við umhverfið, efnivið og búnað.

Hlutverk foreldra er að:

- sjá um umönnun barnsins, eins og að skipta á, klæða, gefa að borða og svæfa
- vera með barninu í öllum athöfnum dagsins.
- upplifa og fá innsýn í leikskóladaginn með barninu
- kynnast kennurum og börnum á deildinni.

Hlutverk barnsins er að:

- læra á leikskólann
- finna sig öruggt í nýjum aðstæðum
- kynnast nýjum vinum

Ávinningurinn:

Kennarar kynnast barninu vel og sjá hvernig það er hjá/með foreldrum sínum. Þeir skilja tengslin og eiga auðveldara með að skilja viðbrögð barnsins.

Foreldrar upplifa daginn, taka þátt og verða meðvitaðir um hvað er að gerast á hverjum tíma. Þeir hafa hlutverk í aðlöguninni, eru virkir þátttakendur og verða því öruggari. Þeir skilja aðstæður betur og vita hvernig dagur barnsins er.

Barnið upplifir öryggi og lærir á leikskólann með foreldrið sér við hlið. Aðskilnaðurinn við foreldrana verður mýkri.

Þegar foreldrar eru virkir þátttakendur í aðlögun og starfi leikskólans – brúum við bilið milli heimilis og skóla.

Mínum á að notkun síma er ekki leyfileg inni á deildum.

Öruggir foreldrar = örugg börn

Yfirfarið sept 2019 BB



Snemmtæk íhlutun - Spurningalisti fyrir 1-2 ára börn sem byrja í Núpi

Nafn barns: _____
Fyllt út af: _____

Dags: _____
Tengsl við barn: _____

Málpróun og málproski ; atriði tengd málproska	Já	Nei	Veit ekki
Er barnið farið að segja eitthvað			
Hefur barnið fengið þrálátar eyrnabólgur			
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dótum			
Á barnið auðvelt með augnsamband			
Hefur barnið áhuga á bókum			
Drekkur barnið sjálf úr glasi með loki			
Er barnið farið að nota skeið			
Getur barnið bent á 1-3 líkamshluta			
Skilur einföld boð án bendinga t.d ná í bolta			
Flettir bók			
Hefur greinst málhömlun eða lestrarörðuleikar í fjölskyldu			
Ef svo; hvað?			
Annað sem þú vilt taka fram:			

Unnið upp úr spurningalista 10.2 úr Snemmtækri íhlutun; Bjargir e. Ásthildur Bj. Snorradóttir og aðlagð að 1-2 ára börnum. Endurskoðað af Bryndísi Baldvinsdóttur og Sigríði Brynjarsdóttur 25/6 2019



Snemmtæk íhlutun - Spurningalisti fyrir 2-3 ára börn sem byrja í Núpi

Nafn barns: _____
 Fyllt út af: _____

Dags: _____
 Tengsl við barn: _____

Málþróun og málþroski ; atriði tengd málþroska	Já	Nei	Veit ekki
Byrjaði barnið að tala á eðlilegum tíma			
Hefur barnið farið í 2 1/2 árs skoðun?			
Hefur barnið verið með þrálátar eyrnabólgur			
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu			
Finnst þér orðaforði barnsins vera aldursssvarandi?			
Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi			
Er barnið byrjað að tengja saman tvö-þrjú orð?			
Réttir barnið hluti samkvæmt beiðni?			
Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum?			
Sýnir barnið vanvirkni og lítinn áhuga á umhverfinu?			
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti?			
Á barnið auðvelt með augnsamband			
Bregst barnið við nafninu sínu?			
Getur barnið nefnt hluti á myndum?			
Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti?			
Notar barnið leikföng á viðeigandi hátt?			
Hefur barnið áhuga á bókum			
Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum?			
Hefur málþróun stoppað á einhverjum tíma?			
Hefur barnið sýnt erfiða hegðun tengda málhömlun?			
Hefur greinst málhömlun eða lestrarörðuleikar í fjölskyldu			
Ef svo; hvað?			
Annað sem þú vilt taka fram:			



Snemmtæk íhlutun - Spurningalisti fyrir 3-5 ára börn sem byrja í Núpi

Nafn barns: _____

Dags: _____

Fyllt út af: _____

Tengsl við barn: _____

Málþróun og málþroski ; atriði tengd málþroska	Já	Nei	Veit ekki
Byrjaði barnið að tala á eðlilegum tíma			
Hefur barnið farið í aldursvarandi skoðanir í heilsugæslu?			
Hefur barnið verið með þrálátar eyrnabólgur			
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu			
Finnst þér orðaforði barnsins vera aldursvarandi?			
Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi			
Á barnið auðvelt með augnsamband			
Hefur barnið áhuga á bókum			
Hefur málþróun stoppað á einhverjum tíma?			
Hefur barnið sýnt erfiða hegðun tengda málhömlun?			
Hefur greinst málhömlun eða lestrarörðuleikar í fjölskyldu			
Ef svo; hvað?			
Annað sem þú vilt taka fram:			

Unnið upp úr spurningalista 10.2 úr Snemmtækri íhlutun; Þjargir e. Ásthildur Þj. Snorradóttir og aðlagð að 3-5 ára börnum.



**Snemmtæk íhlutun - Mikilvægar
bakgrunnsupplýsingar tví-eða fjöltyngdra barna
sem byrja í Núpi**

Nafn barns: _____
Fyllt út af: _____

Dags: _____
Tengsl við barn: _____

Um barnið			
Er barnið fætt á Íslandi			
Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?			
Hvert er móðurmál barnsins?			
Tala foreldrar sitt móðurmál við barnið?			
Er barnið í íslenskum leikskóla? (lengd dvalartíma)			
Hefur barnið tök á því að dveljast í íslensku málumhverfi fyrir utan skóla?			
Hafa greinst málþroskafrávik eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?			
Á barnið í erfiðleikum með málskilning eða máltjáningu á eigin tungumáli?			
Hefur barnið greinst með heyrnarskerðingu?			
Er barnið með lítinn orðaforða miðað við jafnaldra á eigin tungumáli?			
Er barnið með mikil framburðarfrávik á eigin tungumáli?			
Hafa foreldrar áhyggjur af málþroska barnsins?			
Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?			
Var meðganga og fæðing eðlileg?			
Annað sem þú vilt taka fram:			

Spurningalisti 10.3 úr Snemmtækri íhlutun; Bjargir e. Ásthildur Bj. Snorradóttir

10. Einstaklingsnámsskrá

11. Sýnishorn af vikuplani samverustunda

Daemi um Samverustundaplán eldri deilda

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Fyrir hádegi	Dagatal - Veður- klæðnaður Söngur Lubbi	Dagatal - Veður- klæðnaður Málörvun	Dagatal - Veður- klæðnaður Söngur	Dagatal - Veður- klæðnaður Málörvun	Söngstund
Eftir hádegi	Lesi sögu	Leikur	Málörvun	Lesi sögu	Málörvun

Málörvun t.d.:

- Klappa atkvæði
- Heimabekking
- Rím
- Afmælisdagur
- Samsett orð
- Nöfn líkamshluta
- Skoða bókstafi
- Frásögn
- Alias
- Sögugerð
- Afkvæmi dýra
- Hvað gerist þegar...?

Leikir t.d.:

- Hver er undir teppinu
- Í grænni lautu
- Hvað tók ég burtu?
- Búðarleikur – Hvað áttu að kaupa?
- Látbragðsleikur
- Þrautakóngur

12. Dæmi um Hvatningabréf til foreldra

Punktur til glöggvunar og stuðnings fyrir foreldra í tengslum við lestrarátak sendir heim í tengslum við lestrarátak.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor við Menntavísindasvið HÍ hefur verið mjög ötul í rannsóknum á þessu sviði og m.a. kemur fram í rannsóknum hennar og hennar samstarfsfólks að leikskólaárin gegna lykilhlutverki í þroska barna og þættir eins og orðaforði, málfræði, frásagnarhæfni og hlustunarskilningur leggur grunn að læsi og námsárangri síðar

Gæðalestur með börnum:

- Vanda val þeirra bóka sem eru lesnar. Þær verða að vera áhugaverðar og reyna örlítið á börnin sem hlusta. Það hjálpar að lesa með túlkun og tilfinningu og skapa notalegt andrúmsloft þegar lesið er
- Staldrá við orð sem eru ný og áhugaverð, þó ekki of mörg í einu
- Eiga samræður um orðin og söguna, hvaða gildi hafa orðin í sögunni
- Það er mjög gott að lesa fyrir börnin sömu bókina nokkrum sinnum til þess að orðin sem þar koma fram festist í orðaforða þeirra
- Hægt að einblína á sömu orðin aftur og aftur við endurtekinn lestur og svo koma oft ný og áhugaverð orð í ljós
- Finna orðin í umhverfinu og nota þau daglegu lífi því reynsla er börnunum mikilvæg og þau þjálfast í að nota orðin í samhengi

Góða skemmtun ☺